

Jafnréttisáætlun

sveitarfélaganna Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

2012-2016

(1/3) Jafnréttisstefna sveitarfélaganna

Allir sem búa og starfa í sveitarfélögunum fjórum, Árneshreppi, Kaldrananeshreppi, Reykhólahreppi og Strandabyggð, skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ættar, fíotlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Hugað skal sérstaklega að því að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna og vinna gegn stöðnuðum hugmyndum um hlutverk kynjanna sem hefta frelsi einstaklingsins til að geta notið sín á þeim sviðum sem slíkar staðalímyndir ná til.

1. janúar 2012 var skiptingin milli kynja í þessum fjórum sveitarfélögum þannig:

	Karlkyn	Kvenkyn	Alls
Árneshreppur	28	24	52
Kaldrananeshreppur	50	56	106
Reykhólahreppur	134	137	271
Strandabyggð	280	236	516
Íbúafjöldi alls	492	453	945

Í svo fámennum sveitarfélögum sem þessum fjórum er skiptingin milli kynja frekar jöfn. Hlutast er til um það á minnstu stöðunum að fá hæfasta starfsfólkið á staðnum til að sinna verkefnum, en alltaf með kynjajafnréttið í huga.

Í 12. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna kemur fram, að sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum. Með jafnréttismál sveitarfélaganna fer velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps, sem jafnframt ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps er samansett af kjörnum fulltrúum og situr einn fulltrúi fyrir hvert sveitarfélag nema Strandabyggð þar sem tveir menn sitja.

(2/3) Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun þessi tekur til starfsemi sveitarfélaganna fjögurra, allra starfsmanna, stjórnkerfis og þjónustu sem þau veita. Jafnréttisáætlunin skal vel kynnt og vera aðgengileg öllum á heimasíðum þeirra sveitarfélaga sem eru með vefsíður.

2.1 Launajafnrétti

Sveitarfélögin fjögur leggja áherslu á að karlar og konur fái jöfn laun og kjör fyrir sömu störf. Útbúnar verða starfslýsingar og lögð áhersla á að jafnt sé skipað í stjórnir og nefndir innan sveitarfélaganna, sbr. 15. gr. jafnréttislaganna um nefndir, ráð og stjórnir. Í atvinnuauglýsingum skal hvetja bæði kynin til að sækja um störf sem auglýst eru. Stuðla skal að því að störf flokkist ekki sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf. Við ákvörðun launa sem og fríðinda vegna vinnu skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Gæta skal þess að ytri aðstæður, s.s. efnahagur, fötlun eða búseta, hindri fólk ekki í störfum hjá sveitarfélögunum fjórum.

2.2 Starfsþjálfun og endurmenntun

Karlar og konur skulu hafa jafnan aðgang að því að sækja námskeið og njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar, sbr. 20. gr. jafnréttislaga. Við ráðningar í vinnu innan sveitarfélaganna skal taka tillit til og alltaf hafa í huga að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum.

2.3 Fræðsla

Stjórnendur grunnskóla og leikskóla innan sveitarfélaganna fjögurra eru hvattir til að vinna markvisst að eflingu fræðslu um jafnréttismál í skólastarfinu og huga að vinnu gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna, sbr. 23. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt karla og kvenna. Með þessu er unnið að því að virkja bæði kynin til þátttöku í samfélaginu og búa þau betur undir fjölskyldu- og atvinnulíf. Gæta þarf þess að námsefni feli ekki í sér kynjamismunun, sbr. 23. gr. laga um jafnrétti kynjanna.

2.4 Stjórnsýsla

- Hlutfall milli kynja í nefndum, ráðum og starfshópum á vegum sveitarfélaganna skal vera sem jafnast, sbr. 15. gr. jafnréttislaga.
- Við auglýsingar á lausum stöðum á vegum sveitarfélaganna skal þess gætt að auglýsing geri ekki upp á milli kynja. Við ráðningu skal fylgja jafnréttislögum en þar er leitast við að jafna stöðu kynjanna á atvinnumarkaði.

2.5 Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

- Auðvelda skal fólki að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.
- Sveitarfélögin fjögur hvetja til þess að bæði kynin nýti sér rétt til fæðingarorlofs. Með þessu er stuðlað að jafnrétti kynjanna og skiptingu þeirra á vinnustað og báðum foreldrum gert kleift að njóta þess að annast börnin sín stuttu eftir fæðingu þeirra.
- Gengið er út frá því að feður jafnt sem mæður skipti með sér fjarveru vegna veikinda barna þeirra.

2.6 Tómtunda-, íþróttá- og menningarmál

Sveitarfélögin fjögur leggja ríka áherslu á að stúlkum og drengjum, konum og körlum, séu veitt sömu tækifæri til íþróttaiðkunar, tómtunda og menningar. Einnig skal hvetja félagsamtök á stöðunum til þess sama. Kynin skulu sitja jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar, menningar og tómtundastyrkja. Þess skal gætt að stúlkur og drengir hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

2.7 Kynbundið ofbeldi og áreitni


Kynbundið ofbeldi er skv. skilgreiningu laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 „*ofbeldi á grundvelli kynferðis sem gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolenda, einnig hótun um slíkt*“.

Kynferðisleg áreitni er skv. skilgreiningu sömu laga „*ósanngjörn eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin*“.

Komi upp rökstuddur grunur um kynbundið ofbeldi og/eða kynferðislega áreitni innan sveitarfélagsins verður þeim málum komið í farveg hjá félagsþjónustunni skv. viðbragðsáætlun sveitarfélaganna.

2.8 Mismunur

Jafnréttisáætlun þessi tekur einnig til beinnar og óbeinnar mismununar á grundvelli laganna og á við alla íbúa sveitarfélaganna fjögurra. Leita skal til félagsmálastjóra til upplýsinga og leiðbeiningar ef slíkt kemur upp á vinnustöðum.



(3/3) Aðgerðaáætlun

3.1 Hlutfall kynja í sveitarfélögunum

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
1.1	Að jafna hlutfall kynja á vinnustöðum sveitarfélaganna	Við ráðningar innan sveitarfélaganna verður tekið tillit til hlutfalls kynjanna innan sveitarfélaganna og ráðið í samræmi við það	Sveitarstjórar	Í sífelldri þróun
1.2	Að jafna hlut kvenna og karla í þátttöku innan sveitarfélaganna	Jafna hlut kvenna og karla í nefndum og ráðum innan sveitarfélaganna eins og hægt er, sbr. 15. gr. jafnréttislaganna	Sveitarstjórar	Í sífelldri þróun

3.2 Launajafnrétti

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
2.1	Að konur og karlar njóti sömu kjara og fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf	Skrifstofustjórar / oddvitar bera saman laun. Ef um launamisrétti er að ræða skal sveitarstjóri upplýstur um stöðuna	Skrifstofustjórar Sveitarstjórar	Fyrir febrúarlok ár hvert
2.2	Að starfslýsingar séu til fyrir öll störf hjá sveitarfélögunum fjórum skv. starfsmatskerfi Sambands íslenskra sveitarfélaga	Útbúa starfslýsingar fyrir hvert starf og bæta inn í skipurit	Forstöðumenn hvers sviðs	Árslok 2012 og svo þróun

3.3 Starfsþjálfun og endurmenntun

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
3.1	Að tryggja að starfs- og endurmenntun sé aðgengileg báðum kynjum	Samvinna við Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Sveitarstjórar	Árlega
3.2	Að tryggja endurmenntun og starfsþjálfun starfsmanna	Að aðgengi að upplýsingum um endurmenntun sé tryggt	Forstöðumenn og sveitarstjórar eru ábyrgir fyrir miðlun upplýsinga um endurmenntun til undirmanna sinna	Ágúst ár hvert

3.4 Fræðsla


	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
4.1	Að stuðla að jafnri fræðslu til beggja kynja innan skóla og leikskóla	Kynna áætlun þessa fyrir leikskóla- og skóla- stjórnendum	Fræðslunefndir Sveitarstjórar	September 2012
4.2		Kalla eftir greinargerð um stöðu jafnréttisfræðslu og stefnu í þeim málum innan skólanna og leikskólanna	Fræðslunefndir Sveitarstjórar	September 2012

3.5 Tómstunda-, íþrótt- og menningarmál

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
5.1	Bæði kyn skulu vera jöfn hvað varðar fjárveitingar til íþróttaiðkunar	Gera skal úttekt á fjárveitingum til drengja og stúlkna sl. 5 ár m.t.t. kynskekkju	Tómstunda- og menningarráð Sveitarstjórar	September 2012
5.2	Að gæta þess að bæði kyn hafi sömu möguleika á sumarstörfum á vegum sveitarfélaganna	Hafa í huga þegar ráðið er í sumarstörf að gæta að kynjajöfnun	Forstöðumenn Sveitarstjórar	

3.6 Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
6.1	Að koma til móts við starfsmenn sem þurfa sveigjanleika í starfi	Skapa sveigjanlegan vinnutíma og vinnuaðstæður sé þess kostur	Forstöðumenn Sveitarstjórar	Stöðug þróun
6.2	Að bæði kynin njóti fæðingarorlofs og skipti með sér fjarveru vegna veikinda barna	Kynningar á réttindum og skyldum starfsmanna vegna fæðingarorlofs þeirra og veikindafríð barna	Sveitarstjórar	Annað hvert ár



3.7 Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
7.1	Að fyrirbyggja kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni hjá sveitarfélögunum fjórum	Fræðsla um það hvað kynferðisleg og kynbundin áreitni felur í sér og hvaða áhrif hún hefur á þolanda	Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps Sveitarstjórnir og milli-stjórnendur	Stöðugt mat og þróun viðbragðs-áætlunar
7.2		Viðbragðsáætlun	Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps	Árleg endurskoðun

**Sveitarfélögin fjögur
hvetja fyrirtæki og stofnanir þeirra
til að veita þeim einstaklingum
sem stuðla með markvissum hætti að jafnrétti
á sínum vinnustöðum eða í samfélaginu
viðurkenningar vegna þeirrar vinnu.**

Áætlun þessi skal endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils.